

Garðabær
Eysteinn Haraldsson
Garðatorgi 7
210 GARÐABÆ

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	27.08.2018
Málalýkill	07.30
Mál nr.	1808385

Kópavogur, 21. ágúst 2018

Efni: Breyting á lögum og upprifjun á hlutverki stofnunarinnar

Kæri sveitarstjóri/bæjarstjóri,

Á árunum 2016 og 2017 heimsóttum við öll sveitarfélög á Íslandi til að upplýsa um hlutverk okkar, hvaða lög giltu um stofnunina ásamt því að veita leiðbeiningar um mat á enduröflunarverði opinberra mannvirkja sem skylt er að váttryggja hjá NTÍ. Við viljum byrja á því að þakka fyrir góðar móttökur og samskipti í framhaldi af þeim fundum. Þar sem gerðar voru breytingar á lögum um Viðlagatryggingu Íslands sem tóku gildi 1. júlí sl. er viðeigandi að senda þér upplýsingar um helstu breytingar sem urðu með breytingalögum nr. 46/2018. Þar ber fyrst að nefna að stofnunin hefur fengið nýtt nafn, „Náttúruhamfaratrygging Íslands“ eða NTÍ. Í greinargerð með breytingalögum segir eftirfarandi um nafnabreytinguna:

„Í þessu frumvarpi er lagt til að heiti laganna verði breytt og að stofnunin muni framvegis heita Náttúruhamfaratrygging Íslands (NTÍ). Það þykir lýsa betur en núverandi heiti tilgangi stofnunarinnar og markmiðum laganna. Borið hefur á því að heitið Viðlagatrygging Íslands hafi valdið misskilningi bæði á opinberum vettvangi og í samskiptum stofnunarinnar við almenning, viðskiptavini og fjölmiðla. Viðlagatryggingu Íslands hefur oft verið ruglað saman við Viðlagasjóð sem lagður var niður með tilkomu laga nr. 52/1975.....“

Hægt er að skoða nánar tilefni nafnabreytingarinnar í greinargerð með lögnum. Það urðu einnig nokkrar aðrar breytingar sem vert er að vekja athygli á. Eigin áhætta váttryggðs skv. 10 gr. laga nr. 55/1992 lækkar úr 5% í 2%, en lágmarks eigin áhætta vegna opinberra mannvirkja hækkar úr 850.000 í 1.000.000. Einnig urðu breytingar á eigin áhættu vegna fasteigna og lausafjár sem nánar má sjá í lögnum. Að auki hafa nú verið settar kvaðir um ráðstöfun tjónabóta, þannig að nú er skylt að ráðstafa tjónabótum til viðgerða eða endurbygginga á hinni skemmdu eign og ferill ágreiningsmála styttr.

Mikilvægt er að hafa í huga að það er skylda eigenda opinberra mannvirkja að váttryggja hita-, vatns- og skolpveitur, hafnarmannvirki, raforkuvirki, síma- og fjarskiptamannvirki og skíðalyftur. Ef frekari upplýsinga er þörf, hvetjum við til þess að sveitarfélagið setji sig í samband við NTÍ til að fá leiðbeiningar um hvernig skuli standa að innsendingu og uppfærslu upplýsinga⁴.

Meðfylgjandi bréfi þessu er bók um Náttúruvá Íslands, sem við vonum að þið getið haft aðgengilega á bókasafni eða skrifstofu sveitarfélagsins, en í henni er að finna ýmsan fróðleik um jarðfræði og náttúruvá á Íslandi.

Við viljum með sendingu þessari minna á mikilvægi þess að sveitarfélögin viðhaldi réttu váttryggingarverðmæti eigna sinna og sendi upplýsingar um ný mannvirki reglulega. Þegar erindi berast sveitarfélaginu er mikilvægt að þeim sé svarað til að tryggja réttleika þeirra upplýsinga sem liggja til grundvallar váttryggingariðgjöldum.

Að lokum viljum við upplýsa að fyrirhugað er að heimsækja nýja sveitarstjóra á komandi vetri, þar sem farið verður yfir það helsta sem tengist endurnýjun náttúruhamfaratrygginga opinberra mannvirkja fyrir árið 2019.

Með vinsemd og virðingu,

Hulda Ragnheiður Árnadóttir
Framkvæmdastjóri

⁴ Sjá 6. gr. reglugerðar nr. 642/2017